

ÁRSSKÝRSLA 2020



Lisa þ 4.20



SANDRA B. FRANKS,
formaður Sjúkraliðafélags Íslands

FORMANNSPISTILL

SÖGULEGT STARFSÁR

Síðasta starfsár var sannarlega viðburðaríkt. Covid-19 faraldurinn bar vitaskuld hæst og reyndi verulega á starfsprek allra sjúkraliða. Margir voru í framlínunni, en aðrir stóðu vaktina í störfum sem ekki voru síður mikilvæg. Sjúkraliðastéttin stóð sig frábærlega. Covid faraldurinn hefur beint athyglinni að mikilvægi stéttar okkar sjúkraliða. Við erum burðarstétt, og án okkar hefði ekki tekist að ná svo góðum tókum á veirunni. Það ýtti undir stolt mitt vegna stéttarinnar þegar nýverið voru umræður á Alþingi um sjúkraliða þar sem bæði ráðherrar og alþingismenn báru mikið lof á sjúkraliða fyrir vasklega framgöngu á hinum erfiðu tímum. Sjúkraliðar hafa gegnum árin þurft að berjast kröftuglega fyrir stöðu sinni og réttindum og tímabært að helstu valdamenn í stjórnkerfinu komi auga á mikilvægi stéttarinnar. Heilbrigðiskerfið gengur einfaldlega ekki upp án okkar.

Öflug kjaramálanefnd

Á viðburðaríku ári báru erfiðar kjarasamningsviðræður langhæst. Fyrir mig var lærdómsríkt að leiða samningana í fyrsta sinn sem formaður. Í þeirri orrahríð nutu sjúkraliðar þess hversu öflug og vel mönnuð kjaramálanefnd félagsins er. Hún kom mjög vel undirbúin að borðinu og reyndist mér sem formanni mikilvæg stoð í viðræðunum. Kjaraviðræðurnar stóðu nánast allt starfsárið. Það var ekki síst góðum undirbúningi og vel skilgreindum markmiðum að þakka að við mjög erfiðar aðstæður náðust tímamótasamningar. Enn er þó ólokið samningagerð við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og einstaka stofnanir.

Aðeins ein kynning á kjarasamningum náðist með sjúkraliðum á Norðausturlandi áður en samkomubannið skall á vegna Covid-19. Fundurinn fór fram á Akureyri þar sem við Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri kynntum efni samninganna. Mikil aðsókn var á fundinn og hugur í félagsmönnum. Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að kynna samningana annars staðar á fundum með sjúkraliðum fyrir atkvæðagreiðsluna, vegna eðlilegs samkomubanns sem yfirvöld fyrirskipuðu, voru þeir eigi að síður samþykktir með góðum meirihluta sjúkraliða hjá ríki og sveitarfélögum. Samkomulag náðist við Reykjavíkurborg um svipað leyti og samkomubanni var aflétt og því var félaginu kleift að kynna þann samning fyrir félagsmönnum áður en atkvæðagreiðslan var haldin. Í kjölfar þess að létt var á þunga samkomubannsins hafa samningarnir nú verið kynntir á vel sóttum fundum á Austurlandi, Vesturlandi, Reykjanesi og Vestmannaeyjum. Frekari fundir í öðrum deildum eru á döfinni.



Í aðdraganda kjarasamninga, -fundur með sjúkraliðum á Akureyri.

Sögulegur kjarasamningur

Ég læt nægja að stikla hér á fjórum kjarnaatriðum í tímamótasamningum sem okkur tókst að ná við mjög erfiðar aðstæður.

Í fyrsta lagi styttingu vinnuvikunnar með áherslu á vaktavinnufólk. Mestu áfangarnir náðust fyrir vaktavinnufólk. Það skiptir mjög miklu fyrir sjúkraliða í ljósi þess að um 90% þeirra vinna á vöktum. Vinnuvikan mun fara úr 40 stundum niður í 36 stundir, og í sumum tilvikum niður í 32 stundir. Stytting vinnuvikunnar er tímamótaáfangi í ljósi þess mikla álags sem er í starfi sjúkraliða og þess hversu vaktavinna er krefjandi. Hún mun í senn bæta líf skjör með bættum launum og betri vinnutíma sem gerir fjölskyldufólki kleift að samræma betur vinnutíma og fjölskyldulíf. Álag, bæði andlegt og líkamlegt, er mikið á sjúkraliða og stytting vinnuvikunnar mun skapa heilsuvænna vinnuumhverfi.

Í öðru lagi náðum við fram góðum launahækkunum miðað við líf skjara-samningana, eða um 24% meðaltalshækkun á samningstímanum. Í lok samningstímans munu því mánaðarlegar launahækkanir vegna hærri taxa verða um 90.000 krónur.

Í þriðja lagi var samið um mikilvægt heimildarákvæði sem í framtíðinni tryggir álagsgreiðslur við sérstakar aðstæður, eins og Covid-19. Á það hefur þegar reynt. Í sumar fengu sjúkraliðar sem undir ákvæðið féllu kjarabót vegna þessa ákvæðis.

Í fjórða lagi náðist á elleftu stundu síðustu samninganóttina fram skýr bókun um fagháskólanám fyrir sjúkraliða. Hér er um alger tímamót að ræða í menntasögu sjúkraliða sem stéttin á eftir að njóta um ókomna tíma í formi nýrra tækifæra, meiri ábyrgðar í starfi, aukins starfsframa og bættra kjara. Um leið styrkir háskólanámið verulega ásýnd og faglega stöðu stéttarinnar.

Óhætt er því að fullyrða að kjarasamningarnir á síðasta vetri fólu í sér sögulega tímamótaáfang. Stytting vinnuvikunnar, betri vinnutími og fagháskólanám fyrir sjúkraliða marka sannkölluð þáttaskil í kjara- og réttindabaráttu sjúkraliða og það er verkefni stéttarinnar og Sjúkraliðafélagsins að vinna sem best úr þeim á komandi árum. Báðir þessir áfangar eru árangur áralangrar baráttu stéttarinnar og munu styrkja stoðir hennar verulega inn í framtíðina.




Kjarasamningur við ríkið í höfn - viðtal við RÚV.

Fagmenntun á háskólastigi

Mjög hörð barátta var háð af hálfu félagsins til að ná fram skýrum yfirlýsingum af hálfu ríkisvaldsins um að ráðist yrði í fagmenntun á háskólastigi. Mikið óþol hefur verið í okkar röðum eftir sérnámi fyrir sjúkraliða á háskólastigi í ljósi þess að sérnámi við Fjölbrautaskólann í Ármúla var lokað fyrir þremur árum. Í viðræðum um nýjan kjarasamning var viðsejendum gert ljóst að þeim yrði ekki lent án skýrra fyrirheita um fagháskólanám fyrir sjúkraliða. Kjaradeilan var í hnút á borðum ríkissáttasemjara og verkfallsvopnið komið á loft eftir kröftugan baráttufund aðildarfélagas BSRB í Háskólabíói. Þegar verkfall var um það bil að bresta á, var upplýst að sjúkraliðar myndu ekki ganga frá samkomulagi um kjarasamning nema tryggt væri að fagháskólanám fyrir sjúkraliða myndi hefjast í allra nánustu framtíð. Áfanginn náðist við lok síðasta samningafundarins.

Í kjölfarið hefur félagið gengið mjög fast eftir því að að staðið verði við fyrirheit bókunarinnar sem allra fyrst. Forysta félagsins hefur átt fundi og símtöl við Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra, Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra



Sandra B. Franks og Lilja D. Alfreðsdóttir.

og rektor Háskólans á Akureyri auk margra starfsmanna ráðuneytanna. Fjármála-ráðherra sá sér ekki fært að eiga fund með sjúkraliðum um málið, en var send ítarleg skriflega útlistun á tillögum félagsins um fjármögnun námsins. Okkar félagsstjórn sendi jafnframt frá sér mjög skýra ályktun þar sem rökstutt var að aðgerðapakki ríkisstjórnarinnar nr. 3 vegna Covid-19 væri sérsniðinn til að hrinda náminu af stað.

Barátta félagsins bar þann árangur að á „social distance“ fundi, með Lilju D. Alfreðsdóttir í miðju Covid-19 fárinu, sagðist hún sem menntamálaráðherra ætla beita sér fyrir málinu. Í kjölfarið lýsti hún afdráttarlausum stuðningi við diplómanám í sjúkraliðun á Alþingi og hét því að fjármagn yrði ekki fyrirstaða. Sjúkraliðar nutu sömuleiðis, eins og áður, mikils skilnings og stuðnings Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra. Skemmst er frá því að segja að skömmu síðar samþykkti ríkisstjórnin að fagnám fyrir sjúkraliða verði við Háskólann á Akureyri haustið 2021 og að fyrsta skrefið verði tekið með undirbúningsnámi við skólann haustið 2020.

Þetta eru algjör tímamót í menntasögu stéttarinnar. Sjúkraliðar hafa þurft að berjast fyrir tilvist stéttarinnar, og alltaf gert sér grein fyrir að því meiri menntun sem þeir gætu tryggt henni, því sterkari yrði staða þeirra. Námið verður tveggja ára diplómanám við Háskólann á Akureyri, og kennt á grunni fjarnáms. Eins og kynnt hefur verið á facebook-síðu Sjúkraliðafélagsins er þegar búið að setja upp verkefnahóp, sem ég sit í ásamt Birnu Ólafsdóttur, fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands. Arnrún Arnórsdóttir, lektor og doktorsnemi, fer með verkefnastjórn hópsins en hún skrifaði einmitt skýrslu um skipulag og undirbúning námsins fyrir menntamálaráðuneytið. Fyrir okkur sjúkraliða er mikill fengur að slík kunnáttukona um menntun sjúkraliða og Arnrún hefur reynst skuli leiða verkefnið. Að auki verða í verkefnahópnum tveir fulltrúar frá heilbrigðisvísindasviði Háskólans á Akureyri, þær Hafdís Skúladóttir lektor, og Áslaug Lind Guðmundsdóttir verkefnastjóri. Einn fulltrúi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri mun einnig sitja í hópnum sem ekki hefur enn verið tilnefndur. Okkur Birnu til halds og traust hefur Sjúkraliðafélagið skipað

sérstakan bakhóp þrautreyndra sjúkraliða, þeim Jakobínu Rut Daníelsdóttur og Huldu Birnu Frímansdóttur ásamt fulltrúum fræðslunefndar þeim Guðrúnu Lárusdóttir og Hafðísi Dögg Sveinbjarnardóttir. Saman munum við tryggja að námið þróist að óskum okkar sjúkraliða.

Í framhaldinu verður það eitt af áherslumálum mínum og stjórnar Sjúkraliðafélagsins að sjá til þess að sjúkraliðastarfið þróist í samræmi við aukið menntastig stéttarinnar. Samkvæmt reglugerðinni frá 2013, sem Guðbjartur heitinn Hannesson, þáverandi heilbrigðisráðherra setti góðu heilli, er skýrt að sjúkraliðar bera ábyrgð í samræmi við menntun sína. Nú er fyrirséð að menntastig stéttarinnar mun aukast á næstu árum, og í samræmi við það hlýtur ábyrgð, og þar með möguleikar á starfsframa og bættum kjörum sjúkraliða að eflast. Í þessum efnum liggur heilbrigðiskerfið eftir. Sagan sýnir að starfsleiðir sjúkraliða hafa ekki þróast í takt við síaukna menntun stéttarinnar. Félagið mun taka það upp sem forgangsmál á næstu misserum.

Nýr fræðslusjóður

Á starfsárinu náðist langþráð samkomulag um framlag ríkissjóðs til fræðslumála sjúkraliða eftir áralangan ágreining við starfsmenn fjármálaráðuneytisins um útfærslu. Samkomulagið felur í sér stofnun nýs Fræðslusjóðs, en með tilkomu hans eiga stofnanir kost á frekari stuðningi við starfsþróun sjúkraliða til að takast á við ný og breytileg verkefni. Einnig til að auka möguleika stofnana til að þróa starfsumhverfi sjúkraliða til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Þessa dagana er verið að fullvinna úthlutunarreglur sjóðsins. Jafnframt varð með samkomulaginu til nýr



Sverrir Jónsson formaður samninganefndar ríkisins og Sandra B. Franks.

sjóður sem ákveðið var að sameina strax við eldri Starfsþróunarsjóð félagsins undir gamla nafninu. Í stjórn beggja sitja fulltrúar frá bæði Sjúkraliðafélaginu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Fyrir er starfandi Starfsmenntasjóður sem er stýrt af fulltrúum félagsins. Sjúkraliðar eiga því kost á stuðningi til fræðslu- og símenntunar úr þessum þremur sjóðum félagsins.

Námsmatskerfi á mínum síðum

Símenntunarmiðstöðin [Framvegis](#) er meðal annars í eigu Sjúkraliðafélagsins. Félagsmenn eru jafnan mjög duglegir við að nýta sér þau námskeið sem í boði eru enda er sí- og endurmenntun viðamikill þáttur í starfsþróun stéttarinnar. Ávinnsla námstunda er metin til launauka samkvæmt ákvæðum kjara- og stofnana-samninga og því mikilvægt að sjúkraliðar hafi greiðan aðgang að símenntun og nákvæmum upplýsingum um eigið námsmat. Nú standa vonir til að notkun á nýju námsmatskerfi geti hafist á næstunni, en á starfsárinu hefur það verið í smíðum á vegum AP Media. Félagsmenn munu þá geta farið á [mínar síður](#) og sótt allar upplýsingar um námsmat sem skráð hefur verið hjá félaginu.

Svandísarskýrslan

Mönnunavandinn hefur verið eitt af vandamálum heilbrigðiskerfisins. Í dag skortir sjúkraliða, og sá skortur mun verða enn áttakanlegri á næstu árum, þegar verkefni stéttarinnar við hjúkrun og umönnun aldraðra munu halda áfram að vaxa. Þjóðin er að eldast, og allir gera sér ljóst, að það verður sjúkraliðastéttin sem fyrst og fremst mun sjá um hjúkrun aldraðra í framtíðinni. Við erum hin vaxandi hjúkrunarstétt, sem munum bera uppi heimahjúkrun, hjúkrunarheimili og sjá um alla nærhjúkrun á sjúkrahúsum landsins. Það var því ekki að ófyrirsynju að Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans kallaði okkur sjúkraliða, réttilega „burðargrein þjónustunnar“.

Eigi að fjölga sjúkraliðum til að svara þörfum framtíðarinnar á allra næstu árum þarf því að búa stéttinni miklu betra umhverfi til að laða að sem flesta, bæði sjúkraliða sem hafa kosið að finna sér annan vettvang og fleira ungt fólk.

Það þarf að bæta vinnuumhverfi, kjör og tækifæri til menntunar, bæði símenntunar og skipulegrar framhaldsmenntunar. Um leið þarf að endurskoða viðfangsefni og starfslýsingar sjúkraliða inni á stofnunum til að fela þeim meiri ábyrgð, þar á meðal aukin stjórnunarstörf.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra, skipaði í desember 2019 starfshóp til að fjalla um menntun og viðbótarmenntun sjúkraliða. Markmiðið var að finna leiðir til að fjölga útskrifuðum sjúkraliðum og auka menntun þeirra. Fulltrúi okkar í starfshópnum var Birna Ólafsdóttir, sem um árábil hefur unnið ötulllega að menntamálum stéttarinnar. Hópurinn vann hratt og vel og skilaði í mars tíu tillögum í meðfylgjandi skýrslu: [Tillögur um menntun og viðbótarmenntun sem leitt geta til fjölgunar útskrifaðra sjúkraliða](#). Hluti tillagnanna er þegar komin yfir ákvörðunarstig, en betur má ef duga skal. Sjúkraliðafélagið mun ganga fast eftir því á næsta ári að þeim verði öllum hrint í framkvæmd.

Átaksverkefni til að fjölga sjúkraliðum

Átaksverkefni um að efla ímynd sjúkraliða er viðvarandi enda brýnt að vekja athygli á stöðu stéttarinnar og mikilvægi starfanna sem sjúkraliðar sinna. Jafnframt hefur áhersla verið á að laða ungt fólk inn í sjúkraliðanámið. Sérlega vel heppnuð örmyndbönd voru gerð um störf sjúkraliða við ólíkar aðstæður sem féllu í mjög góðan jarðveg, og einnig um nám sjúkraliðanema. Myndböndin voru birt á samfélagsmiðlum og í bíóhúsum.

Tilraunaverkefni til að fjölga sjúkraliðum var ýtt úr vör í samvinnu við Landspítala og fjölbrautaskólana í Breiðholti og við Ármúla. Boðið var upp á námsleið fyrir almenna starfsmenn Landspítala, sjúkraliðabrá, sem gerir þeim kleift að sinna námi samhliða starfi sínu við spítalann með undanþágu frá ákveðnum fjölda vakta á launum. Tólf starfsmenn notfærðu sér þessa námsleið og almenn ánægja er með framtakið.

Góð samvinna við BSRB

Á starfsárinu hef ég setið í stjórn BSRB og gegnt formennsku í velferðarnefnd

bandalagsins. Formaður átti einnig sæti í viðræðunefndum bandalagsins varðandi þau kjarasamningsatriði sem voru á borði BSRB. Samninganefndir BSRB og kjaramálanefnd Sjúkraliðafélagsins funduðu stíft með viðsemjendum hjá ríkissáttasemjara til að ná ásættanlegum samningum, svo komast mætti hjá boðuðum verkfallsaðgerðum aðildarfélaganna. Samstarfið við BSRB var mjög gott, og sjúkraliðar höfðu mikinn styrk af því í erfiðum kjarasamningum. Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB, tókst að mynda góða og öflugna liðsheilid sem með samstilltu átaki skilaði þeim árangri sem lagt var upp með varðandi styttri vinnuviku og betri vinnutíma fyrir vaktavinnufólk. Sonja Ýr hefur reynst frábær í samstarfi við sjúkraliða og á heiður skilinn fyrir framlag sitt til styttingar vinnuvikunnar.

Fundir og miðlun upplýsinga

Framkvæmdastjórn félagsins hélt alls 16 starfsfundi á árinu. Hún stóð ennfremur fyrir vinnubúðum heila helgi þar sem farið var ítarlega yfir skipulag og starfsemi félagsins. Lög félagsins voru endurskoðuð og uppfærð. Sú vinna leiddi til þess að drög að lagabreytingum voru send laganefnd til umsagnar. Engar athugasemdir bárust. Tillaga að nýjum/uppfærðum lögum félagsins verður því kynnt fyrir fulltrúabingi félagsins sem haldið verður í september og borin undir þingið.

Félagsstjórn hélt 2 fundi en vegna Covid-19 var vorfundinum aflýst. Hún sendi frá sér áskorun til ríkisstjórnarinnar um að nota aðgerðapakka nr. 3 vegna Covid-19 til að hrinda í framkvæmd fagmenntun á háskólastigi. Fundargerðir framkvæmda- og félagstjórnarfunda eru á heimasíðu félagsins; [sjá hér!](#)

Meðan á Covid-19 fárinu stóð var skrifstofan lokuð fyrir heimsóknir og erindum sinnt í gegnum fjarfundarbúnað, símtöl og tölvupósta. Starfsfólk skipti á milli sín viðveru á skrifstofu meðan aðrir unnu heima.

Erlend samvinna var minni en ella vegna Covid-19. Faraldurinn leiddi til þess að blásið var af þing Evrópusamtaka sjúkraliða, European Council of Practical Nurses (EPN), sem halda átti í Tromsø. Formaður Sjúkraliðafélagsins á sæti í stjórn EPN og á árinu sótti ég stjórnarfund í Helsinki ásamt framkvæmdastjóra.

Síða félagsins á [facebook](#) er í stöðugri endurskoðun með uppfærslu, og nýtur æ meiri lestrar. Ánægjulegt er að sjá virkni félagsmanna við svörun á efni sem birt er á síðunni, og málefnalegar umræður og spurningar félagsmanna í athugasemdakerfinu.

Mönnunarvandi - ný heilbrigðisstefna

Alþingi samþykkti nýja heilbrigðisstefnu í sumarbyrjun 2019 þar sem meðal annars eru settar fram áherslur um [Fólkið í forgrunni](#). Formaður Sjúkraliðafélagsins tók ásamt öðru forystufólki í heilbrigðisgeiranum, þar á meðal landlækni, þátt í fundum þar sem rætt var um heilbrigðisstefnuna. Í máli mínu kom fram sú afstaða sjúkraliða að leggja beri mesta áherslu á að ráða bót á mönnunarvanda kerfisins, ekki síst með fjölgun á sjúkraliðum. Það yrði einungis gert með því að bæta starfsumhverfi með styttri vinnuviku, hækka laun, auka tækifæri til menntunar sjúkraliða og í kjölfarið að skapa starfsleiðir sem leiddu til meiri ábyrgðar sjúkraliða, möguleika á starfsframa, svo sem fleiri



Alma Möller, Sandra B. Franks, Sigríður Gunnarsd. ræða um nýja heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

stjórnunarstörfum, og umbunar í fullu samræmi við aukna menntun. Samhliða þyrfti heilbrigðisráðherra að ráðast í sérstakt áttak til að fjölga sjúkraliðum. Í kjölfar fundaherferðar heilbrigðisráðherra voru skipaðir starfshópar um mönnunarvandann með áherslu á sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og sérfræðilækna. Úr starfshópi sjúkraliða spratt einmitt hin ágæta skýrsla sem lýst er hér að framan.

Ný fagráð - sigur sjúkraliða

Frá upphafi vega hefur sjúkraliðum verið meinað að eiga aðild að hjúkrunarráðum spítalanna. Krafa okkar um aðild á jafnræðisgrundvelli við aðrar hjúkrunarstéttir hefur verið partur af tilvistabaráttu stéttarinnar. Sjálfstraust hennar og stéttarvitund fer hins vegar sívaxandi með aukinni menntun og viðameiri verkefnum í heilbrigðisgeiranum. Um leið hefur vaxandi þungi komið í sjálfsgöða kröfu okkar um að sjúkraliðar fái tækfæri til jafns við aðrar hjúkrunarstéttir til að móta hjúkrunarstefnu á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

Rökstuddum kröfum um aðild sjúkraliða að hjúkrunarráði Landspítalans var þó jafnan hafnað, síðast þegar ég varð formaður Sjúkraliðafélagsins árið 2018. Sú framkoma sýnir vel hvernig reynt var lengi vel að halda stéttinni á miklu þrengri bás en núverandi styrkur og mikilvægi sjúkraliða réttlætir. Við höfum svarað því með því að berjast fyrir að tekin verði upp fagráð með aðild allra fagstétta. Slík ráð eru í fullu samræmi við stjórnunarhætti á heilbrigðisstofnunum nútímans þar sem áhersla er lögð á teymisvinnu, teymisstjórnun og samvinnu fagstétta. Sjálf sendi ég velferðarnefnd Alþingis rökstutt álit félagsins þar sem mælt var með því að hjúkrunarráðin yrðu lögð niður og fagráð tekin upp á átta heilbrigðisstofnunum auk heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir sjúkraliða er því mikið fagnaðarefni að Alþingi samþykkti í byrjun sumars ný lög, þar sem hjúkrunarráð sjúkrahúsanna verða lögð niður og ný fagráð verða tekin upp. Við skipan í þau verður ekki gengið framhjá sjúkraliðum, enda eru þeir, svo vitnað sé til orða Páls Matthíassonar forstjóra Landspítalans á ráðstefnu fyrir nokkrum árum, „algjör burðarstétt í íslensku heilbrigðiskerfi.“

Aðild okkar að fagráðum felur í sér mikilvæg réttindi, en setur okkur um leið á herðar mikilvægar skyldur. Við þurfum sem hjúkrunarstétt með nýtt hlutverk við móttöku hjúkrunar á Íslandi að sía úr reynslu okkar og þekkingu það besta og mikilvægasta sem verður okkar framlag gegnum nýju fagráðin, sem við sjálf höfum barist fyrir, til að bæta gæði hjúkrunar. Næsta stórverkefni Sjúkraliðafélagsins verður því að móta stefnu á þeim sviðum hjúkrunar og umönnunar þar sem liðsauki okkar er mikilvægastur.

Formaður og heiðursfélagi kvaddur

Á miðju sumri lést fyrrum formaður okkar, Margrét S. Einarsdóttir, 81 árs að aldri. Hún leiddi Sjúkraliðafélagið á mjög viðkvæmum tímum í sögu þess, þegar félagið var í lokabaráttu fyrir því að fagheitið „sjúkraliði“ yrði löggilt. Hún sat einmitt í stjórn félagsins þegar þeim áfanga var náð árið 1984, og var formaður 1983-86.

Margrét starfaði sem sjúkraliði á Landakotsspítala og er þeim sem með henni störfuðu eftirminnileg sökum manngæsku og stjórnvísu. Hún var einkar framsýn og lét menntamál sjúkraliða mjög til sín taka. Þannig stóð hún sem formaður árið 1985 fyrir ráðstefnu um menntun stéttarinnar sem segja má að hafi valdið straumhvörfum. Fyrir störf sín var Margrét gerð að heiðursféлага Sjúkraliðafélagsins á afmælishátíð félagsins 2016. Þá var Margrétar minnst með virðulegum hætti á síðu félagsins í júlí síðastliðnum og fyrir hönd Sjúkraliðafélagsins skrifaði ég þakkarávarp í Morgunblaðið á útfarardegi hennar. Á þessum vettvangi vil ég aftur votta henni virðingu mína og þakka frábær störf í þágu stéttarinnar.

Öflug stéttarvitund

Sjúkraliðar eru fagstétt sem eru í öflugri framrás. Í árunna rás höfum við þurft að berjast hatrammri baráttu fyrir tilvist okkar sem stéttar, bættum kjörum, heilsuvænna vinnuumhverfi og auknum tækifærum til menntunar. Við höfum í dag náð þeim árangri að forystumenn í heilbrigðisgeiranum

lýsa okkur sem „burðarstétt“, „framvörðum þjónustunnar“ og á Alþingi bera ráðherrar lof á framlag stéttarinnar í glímuni við Covid -19. Sjúkraliðar eru eftir áratuga baráttu að ná þeim áfanga að vera verðskuldað taldir ómissandi stétt í heilbrigðiskerfinu. Leyfum okkur að vera stolt af sjálfum okkur, stéttinni - og verkum okkar. Við skulum sjálf innræta okkur stolt yfir eigin framlagi og hlutverki í heilbrigðisþjónustu samfélagsins.



Atkvæðagreiðsla á trúnaðarmannaráðsfundi 14. október 2019.


Á starfsárinu sem þessi skýrsla lýsir náðust einkar mikilvægir og sögulegir áfangar á öllum ofangreindum sviðum. Sjúkraliðar eru viðurkennd burðarstétt í hjúkrun sem í framtíðinni mun bera uppi mikilvæga þætti heilbrigðiskerfisins. Ekkert af þessu hefði gerst nema vegna metnaðar stéttarinnar fyrir starfi sínu og gæðum þjónustunnar. Stéttarvitund, samheldni og samstaða hefur reynt okkur það afl sem ekkert fær sigrað. Fyrir það vil ég sem formaður ykkar þakka.

Sandra B. Franks,
formaður Sjúkraliðafélags Íslands

FÉLAGIÐ Í TÖLUM

Starfandi félagsmenn á aldrinum 19 til 60+ eru 2.087. Sjúkraliðar sem lokið hafa sérnámi eru 140. Í apríl 2020 voru 56% félagsmanna skráðir í Reykjavíkurborg og 44% eru í öðrum deildum félagsins.

FJÖLDI STARFANDI FÉLAGSMANNA INNAN FÉLAGSDEILDA




STYRKVEITINGAR VEGNA FRÆÐSLUMÁLA

Úthlutaðir styrkir úr menntasjóðum til félagsmanna vegna sí- og endurmenntunar námu alls 40.670 mkr. Fjöldi styrkja úr Starfsþróunarsjóði voru 702 að upphæð 20.297 mkr. og úr Starfsmenntasjóði 743 að upphæð 20.372 mkr.

STYRKARSJÓÐUR BSRB

Á starfsárinu úthlutaði Styrktarsjóður BSRB félagsmönnum Sjúkraliðafélagsins samtals 105.1 mkr. í heilsuverndarstyrki og dagpeningagreiðslur. Athygli vekur að rúmlega 43.1 mkr. voru veittar vegna sjúkradagpeninga, um 13.3 mkr. vegna líkamsræktar og um 13.1 mkr. vegna tannlæknakostnaðar.



SKIPULAG OG STARFSEMI

Svæðisdeildir félagsins eru níu talsins með kjörnar stjórnir og deildarformenn. Hlutverk hvorrar svæðisdeildar felst einkum í því að vera tengiliður milli félagsmanna og félagsstjórnar ásamt að vinna að þeim viðfangsefnum sem deildunum er falið af fulltrúapingi eða félagsstjórn. Deildarformenn eiga sæti í félagsstjórn, sem kemur saman til fundar að jafnaði þrisvar á ári. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli fulltrúapinga og kemur fram sem málsvari félagsins. Félagsstjórn gætir sjóða og eigna félagsins, gefur út árlega skýrslu um starfsemi deilda, fylgist með rekstri og framgangi svæðisdeildanna og miðlar fréttum af starfi sínu.

Í félagastjórn sátu

Sandra B. Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóna J. Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Þórhildur Una Stefánsdóttir, Reykjavíkurseild
Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdeild
Jóhanna Guðrún Þórðardóttir, Vestfjarðadeild
Guðrún Elín Björnsdóttir, Norðurlandsdeild vestri
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri
Helga Sigríður Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
Helga Sveinsdóttir, Austurlandsdeild
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild

Varamenn

Ólöf Jóna Friðriksdóttir
Jakobína Rut Daníelsdóttir

Framkvæmdastjórn annast framkvæmd á ákvarðanatökum fulltrúapings og félagsstjórnar auk þess að sjá um daglegan rekstur félagsins í umboði félagsstjórnar. Fundir framkvæmdastjórnar eru að jafnaði haldnir aðra hverja viku.

Í framkvæmdastjórn sátu

Sandra B. Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóna J. Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari

Varamenn


Ólöf Jóna Friðriksdóttir
Jakobína Rut Daníelsdóttir

KJARNASTARFSEMI FÉLAGSINS

Kjarnastarfsemi félagsins fer fram á skrifstofunni sem sinnir allri þjónustu við félagsmenn. Eðli málsins samkvæmt eru erindin margvísleg. Skrifstofan veitir félagsmönnum viðeigandi upplýsingar og ráðgjöf um réttindi þeirra og skyldur, laun og starfskjör, efnisatriði kjarasamninga og stofnanasamninga. Auk þess sinnir hún umsýslu sjóða og afgreiðslu umsókna um styrki svo sem úr orlofssjóði og fræðslusjóði, og veitir aðstoð vegna umsókna í Styrktarsjóð BSRB. Þá sinnir hún umsýslu og afgreiðslu á námsmati vegna sí- og endurmenntunar sjúkraliða.

Skrifstofan heldur einnig utan um innra starf félagsins og er í virku samstarfi við framkvæmdastjórn og félagstjórn. Jafnframt sinnir hún umsýslu og samskiptum við trúnaðarmenn, stjórnir fræðslusjóða og starfsnefnda auk þess að vera í virku samstarfi við BSRB.

Starfsfólkið leggur áherslu á að greiða úr þeim málum sem félagsmenn óska eftir hverju sinni, og sér til þess að aðgangur að sjóðum og öðrum upplýsingum sé góður. Félagið miðlar upplýsingum til félagsmanna með útgáfu á tímaritinu [Sjúkraliðinn](#) og kemur á framfæri fréttum og viðburðum á [heimasíðu](#) og [facebook](#) síðu félagsins, og bregst við fyrirspurnum sem berast í gegnum síðuna eða með tölvupósti. Starfsmenn á skrifstofu eru þau Sandra B. Franks, Gunnar Örn Gunnarsson, Birna Ólafsdóttir, Birna Ósk Björnsdóttir og Sigríður Ríkharðsdóttir og eru þau bundin trúnaði við félagsmenn sem til þeirra leita.




Helga Jóna Björgvinsdóttir.

TRÚNAÐARMENN

Skráðir trúnaðarmenn eru 137 og gegna þeir lykilhlutverki í starfsemi félagsins. Trúnaðarmaður er fulltrúi stéttarfélagsins á hverjum vinnustað og er tengiliður félagsins við sjúkraliða. Trúnaðarmanni er ætlað að veita sjúkraliðum leiðsögn í ýmsum málum og tryggja upplýsingaflæði milli félagsmanna og félagsins og í ákveðnum tilvikum að vísa málum til starfsmanna á skrifstofu.

Efnt var til tveggja trúnaðarmannaráðsfunda á starfsárinu. Á fyrri fundi var fjallað um undirbúning og áherslur fyrir komandi kjarasamninga. Á þeim síðari var rætt um erfiðar kjaraviðræður þar sem meðal annars var samþykkt ályktun og bent á þá ömurlegu staðreynd að þrátt fyrir fögur fyrirheit stjórnvalda um bætt vinnubrögð höfðu sjúkraliðar verið samningslausir í 11 mánuði. Trúnaðarmannaráðið krafðist þess að gengið yrði frá samningum strax, ásamt stytting vinnuvikunnar, án skerðingar á kjörum. Trúnaðarmannaráð fól stjórn félagsins að skipuleggja baráttu fyrir réttlátum kjörum með okkar sterkasta vopni, verkföllum.

Í kosningu sem boðað var til í kjölfar samþykktar trúnaðarmannaráðs, samþykkti yfirgnæfandi meirihluti félagsmanna verkfallsboðun.



Vel sóttur trúnaðarmannaráðsfundur 14. okt. 2019.

SJÚKRALIÐANÁM

Samkvæmt upplýsingum frá þeim tíu menntastofnunum sem bjóða upp á sjúkraliðanám voru 89 nemendur brautskráðir af sjúkraliðabraut og 15 af sjúkraliðabrá, eða alls 104 sjúkraliðar.

Eins og meðfylgjandi tafla sýnir voru flestir nemendur brautskráðir frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla, sem útskrifaði 15 sjúkraliða af sjúkraliðabraut og 8 af sjúkraliðabrá, eða samtals 23 sjúkraliða. Þá voru brautskráðir nemendur af sjúkraliðabraut við Fjölbrautaskólann í Breiðholti 16 og 5 af sjúkraliðabrá, eða alls 21 sjúkraliði.



Brautskráning sjúkraliða frá Fjölbraut í Ármúla.

Fjölbrautaskóli	Sjúkraliðabraut		Sjúkraliðabrá	
	Vor	Haust	Vor	Haust
Fjölbraut í Ármúla	12	3	7	1
Fjölbraut í Breiðholti	11	5	1	4
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	4	3	0	0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1	0	0	0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	0	8	0	1
Fjölbrautaskóli Vesturlands	0	19	0	0
Framhaldsskólinn Vestmannaeyjum	1	0	0	1
Menntaskólinn á Ísafirði	3	1	0	0
Verkmenntaskóli Austurlands	3	0	0	0
Verkmenntaskólinn á Akureyri	4	11	0	0
Samtals	39	50	8	7



Brautskráning frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja.



Brautskráning frá Fjölbrautaskóla Vesturlands.




Brautskráning frá Fjölbraut í Breiðholti.

STARFSLEYFI

Starfsleyfi fá sjúkraliðar sem lokið hafa sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun sem starfar á grundvelli aðalnámskrár framhaldsskóla. Starfsleyfi fá einnig þeir sem lokið hafa sambærilegu prófi frá menntastofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðisyfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað. Embætti Landlæknis gefur út starfsleyfi. Skrá yfir heilbrigðisstarfsmenn með gilt starfsleyfi hér á landi er nú aðgengileg á heimasíðu embættisins; [sjá hér](#).

Samkvæmt upplýsingum þess voru 110 starfsleyfi gefin út árið 2019. Níu karlar fengu starfsleyfi á árinu og 101 kona. Af þeim voru 86 með íslenskt ríkisfang en 24 með erlent ríkisfang.

Vakin er athygli á því að þann 14. apríl 2020 var gerð breyting á reglugerð nr. 511/2013, um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, sem kveður á um að umsækjendur starfsleyfa verða að uppfylla kröfu um að hafa viðhaldið kunnáttu sinni frá því að námi lauk. Það er því afar brýnt að brautskráðir sjúkraliðar sæki um starfsleyfi að námi loknu.



Harpa Steingrimsdóttir.

FRÆÐSLUSJÓÐIR

Starfsmenntasjóður

Nýjar úthlutunarreglur voru gerðar á starfsárinu og getur félagsmaður að hámarki fengið 100.000 kr. samtals í styrk á 24 mánaða tímabili úr sjóðnum. Þeir sem hafa verið félagsmenn í 6 mánuði eiga rétt á styrk. Félagsmaður þarf að vera í starfi bæði þegar hann sækir um styrk og notar hann. Rof á aðild má ekki vera lengri en 6 mánuðir, en réttindi falla niður 6 mánuðum eftir að síðasta greiðsla í sjóðinn berst.

Eftirfarandi hámarksupphæðir gilda um styrkveitingar:

- Símenntun, námskeið, nám, kynnisferðir og ráðstefnur, hámark 60.000 kr. á 24 mánaða tímabili.
- Námskeið án beinnar tengingar við starf, hámark 40.000 kr. á 24 mánaða tímabili.

Félagsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi þess að viðhalda faglegri þekkingu sinni og hæfni. Á árinu sóttu 613 sjúkraliðar 28 námskeið hjá Framvegismiðstöð símenntunar. Sjúkraliðar eru iðnir við að sækja námskeið sem veita hagnýta og fræðilega kunnáttu sem eykur gildi starfa þeirra.

Í stjórn Starfsmenntasjóðs eru

Sandra Bryndísardóttir Franks, formaður

Birna Ólafsdóttir

Jóhanna Traustadóttir

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir

Kristín Ólafsdóttir



Berglind Heiða Guðmundsdóttir.

Starfsþróunarsjóður

Nýjar úthlutunarreglur voru gerðar á starfsárinu og þarf félagsmaður að hafa verið félagi í Sjúkraliðafélagi Íslands samfelt í eitt ár til að eiga rétt á styrk vegna kostnaðar sem stofnað er til eftir að árs aðild er náð. Félagsmaður getur að hámarki fengið 200.000 kr. samtals í styrk á 24 mánaða tímabili úr sjóðnum.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var stofnaður til að vinna að fræðslumálum og er honum ætlað að styrkja fræðslu sjúkraliða og fyrirkomulag hennar og umhverfi. Sjóðurinn getur gert það m.a. í samvinnu við önnur stéttarfélög, símenntunarmiðstöðvar og fræðslusetur. Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda sem nemur 0,25% af heildarlaunum frá 1. júní 2016. Til viðbótar komu 7 mkr. sem tiltekna voru í bókun 8 í kjarasamningi aðila frá 2015.

Stjórn Starfsþróunarsjóðs og Fræðslusjóðs er skipuð fjórum fulltrúum, tveimur frá Sjúkraliðafélagi Íslands og tveimur frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Varamenn í stjórn eru tveir, einn frá hvorum aðila.

Í stjórn Starfsþróunarsjóðs og Fræðslusjóðs eru

Sandra B. Franks, formaður

Einar Mar Þórðarson

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir

Stefanía Sigríður Bjarnadóttir

Varamenn

Aldís Magnúsdóttir

Kristín Ólafsdóttir



Björk Halldórsdóttir.

FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Sjúkraliðafélag Íslands á 43,14% hlut í Framvegis og hafa sjúkraliðar sótt þangað námskeið frá upphafi starfsemi miðstöðvarinnar. Á árinu 2019 sóttu 613 sjúkraliðar 28 námskeið hjá Framvegis og fengu metnar samtals 5296 námsstundir. Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda námskeiða og þátttakenda, stað- og fjarnema auk fjölda námsstunda. Tvisvar á ári er fagrað sjúkraliða hjá Framvegis kallað saman til að ráðgast um námsframboð fyrir sjúkraliða. Miðstöðin byggir framboð sjúkraliðanámskeiða á greiningu á fræðsluþörfum sem fer fram í gegnum vinnu með fagraðinu. Fagraðið skipa fulltrúar frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, auk sérfræðinga frá t.d. embætti Landlæknis og Landspítala.



Sigríður Helga Skúladóttir.

Námskeið	Fjöldi	Staðnemar	Fjarnemar	Klst	Námstundir
Hugræn atferlismeðferð	30	30	0	12	360
Að stjórna tíma sínum og verkefnum	17	12	5	5	85
Það eru til lausnir	18	18	0	8	144
Góð næring - Bætt lífsgæði	20	11	9	5	100
Mikilvægi góðrar andlegrar heilsu hjá öldruðum	19	12	7	5	95
Móttaka hjartasjúklinga	31	31	0	8	248
Samskiptafærni í starfi sjúkraliða	10	10	0	8	80
Lífstílsjúkdómar og lífsstíll	25	16	9	5	125
Kulnun í starfi sjúkraliða	24	16	8	12	288
Dauðhreinsun	21	21	0	12	252
Ólögleg fíkniefni og ávanabindandi lyf	28	28	0	8	224
Verkir og verkjameðferð	17	17	0	12	204
Að styrkja fjölskyldur sem glíma við veikindi.	20	20	0	8	160
Vítamín og steinefni	28	21	7	5	140
Bættur lífsstíll, betri heilsa	21	21	0	12	252
Er gaman að vinna með mér?	20	20	0	8	160
Vímuefnaröskun meðal eldri borgara	25	25	0	12	300
Áhrif umhverfis og upplifunar á lífsgæði aldraðra	14	14	0	8	112
Streita í samskiptum	33	20	13	8	264
Hugræn atferlismeðferð	12	3	9	8	96
Mat og eftirlit...	20	20	0	12	240
Gigtarsjúkdómar ...	28	28	0	12	336
Bæklunarhjúkrun	20	20	0	8	160
Ólögleg fíkniefni og ávanabindandi lyf	29	17	12	8	232
Móttaka hjartasjúklinga	31	31	0	8	248
Öryggi sjúklinga	11	11	0	8	248
Sálræn skyndihjálp ...	18	18	0	8	144
Heildræn heilsuefning...	23	11	12	5	115
Samtals	613			242	5296



STYRKTARSJÓÐUR BSRB

Á starfsárinu úthlutaði Styrktarsjóður BSRB til félagsmanna Sjúkraliðafélagsins samtals 105.1 mkr. vegna umsókna um sjúkradagpeninga, sálfræðiaðstoðar, sjúkrapjálfunar, líkamsræktar, tannlæknakostnaðar, hjartaverndar, krabba-meinsleitar, dvalar á heilsustofnun og annarra þátta.

Hlutverk sjóðsins er að greiða bætur til félagsmanna í slysa- og veikinda-tilvikum eftir að veikindarétti lýkur hjá vinnuveitanda. Sjóðurinn styrktir einnig fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsueflingar og forvarnir gegn sjúkdómum.

Stjórn sjóðsins er kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Hana skipa fimm fulltrúar þeirra félaga sem að sjóðnum standa.

Í stjórn Styrktarsjóðs eru

Garðar Hilmarsson frá *Sameyki*

Ingunn Jóhannesdóttir frá *Kili stéttarfélagi starfsmanna í almannajónustu*

Sandra B. Franks frá *Sjúkraliðafélagi Íslands*

Vala Hauksdóttir frá *Starfsmannafélagi Garðabæjar*

Þórveig Þormóðsdóttir frá *Félagi starfsmanna stjórnarráðsins*

Varamenn

Ásbjörn Sigurðsson frá *Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi*

Karl Rúnar Þórsson frá *Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar*



Eydís Helga Pétursdóttir.

KJARAVIÐRÆÐUR ALLT STARFSÁRIÐ

Kjaramálanefndin kom vel undirbúin að viðræðunum og hafði hún sett sér skýr markmið og kröfur. Engu að síður stóð nefndin í ströngu allt starfsárið. Samningaferlið var strangt enda flókið að ná fram samkomulagi um breytingar á vinnutíma og launum sem hægt væri að lifa mannsæmandi lífi á. Kjaramálanefndin vann í nánu samstarfi við viðræðunefndir BSRB og sótti fjölmargar upplýsandi samningseiningafundi bandalagsins á meðan viðræður stóðu yfir.

Eftir erfiðan lokasprett kjaraviðræðna og maraþonssamningafund hjá ríkissáttasemjara náðist loks samkomulag um nýja tímamótasamninga við ríki og Samband íslenskra sveitarfélaga þann 9. mars 2020. Stuttu síðar náðist samkomulag við Reykjavíkurborg. Enn er eftir að ná samkomulagi við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og hefur deilunni verið vísað til ríkissáttasemjara. Þegar þetta er skrifað er unnið að kappi að því að ná samkomulagi við viðsemjendur.

Í samræmi við lög Sjúkraliðafélags Íslands er kjaramálanefndin skipuð átta félagsmönnum. Formaður félagsins er sjálfkjörinn í nefndina og er hann jafnframt formaður hennar. Þá var Kári Kristjánsson hagfræðingur ráðinn tímabundið til starfa og vann hann ásamt Gunnari Erni Gunnarssyni framkvæmdastjóra með nefndinni.

Í kjaramálanefnd eru

Sandra B. Franks

Gunnar Örn Gunnarsson

Sóley Gróa Einarsdóttir

Sjöfn Þórgrímsdóttir

Kristín Ólafsdóttir

Kristín Helga Stefánsdóttir

Jakobína Rut Daníelsdóttir

Þórunn M.J.H. Ólafsdóttir

Hulda Birna Frímanssdóttir


Jóna Jóhanna Sveinsdóttir




Kjaraviðræður stóðu yfir allt starfsárið.

NIÐURSTÖÐUR ATKVÆÐAGREIÐSLU


Atkvæðagreiðsla um kjarasamninga sjúkraliða í Sjúkraliðafélagi Íslands við ríkið



Atkvæðagreiðsla um kjarasamninga sjúkraliða í Sjúkraliðafélagi Íslands við Samband íslenskra sveitarfélaga



Atkvæðagreiðsla um kjarasamning sjúkraliða í Sjúkraliðafélagi Íslands við Reykjavíkurborg



Kynning á kjarasamningum með sjúkraliðum á Akureyri.

SKÝRSLA KJÖRSTJÓRNAR

Formaður kjörstjórnar skrifaði undir niðurstöðu kosninga um verkfallsboðun við ríkið þegar ekkert gekk í samningaviðræðum. Verkfallsboðun var samþykkt. Einnig skrifaði formaður undir niðurstöður atkvæðagreiðslna um samninga við ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Samningarnir voru samþykktir þó að ekki hafi náðst að kynna þá fyrir félagsmönnum á fundum eins og venja hefur verið, vegna faraldurs af völdum kórónuveirunnar.

Hlutverk kjörstjórnar er að hafa yfirumsjón með kjöri fulltrúa á fulltrúaþing og kanna kjörbréf þeirra. Einnig skal hún undirbúa og stjórna allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun, kjarasamninga, frestun eða lok verkfalls samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar og kjaramálanefndar, kosningu formanns og annast og undirbúa aðrar atkvæðagreiðslur eða kosningar sem stjórn eða fulltrúaþing felur kjörstjórn sérstaklega.

Kjörstjórn úrskurðar um úrslit í atkvæðagreiðslum og kosningum og um vafa-atkvæði og önnur ágreiningsatriði sem upp koma í atkvæðagreiðslum sem hún annast. Kjörstjórn hefur ekki komið saman á árinu m.a. vegna Covid-19 og seinkunar á fulltrúaþingi af sömu ástæðu.

Í kjörstjórn eru

Hulda Birna Frímansdóttir, formaður
Þórunn Kristín M. Arnardóttir
Ólafía Ingvarsdóttir
Ingibjörg Sveinsdóttir
Þórdís Hannesdóttir

Varamenn

Fríður Garðarsdóttir
Lára María Valgerðardóttir
María Finnbogadóttir



Kjaraviðræður stóðu yfir allt starfsárið.

FJÖLBREYTTIR ORLOFSKOSTIR

Í boði voru 15 gistingualeikar innanlands á orlofstímanum, þar af 3 íbúðir í Reykjavík og 12 orlofsbústaðir yfir sumartímann og 9 af þeim eru í eigu félagsins. Boðið er upp á íbúð í Kaupmannahöfn, Flórída og íbúðir á Spáni. Gjafabréf frá Icelandair, Örnum, Air Iceland Connect og ýmsir afslættir í verslunum voru í boði á síðasta starfsári.

Vetrarleiga hefur jafnt og þétt verið að aukast og er nú hægt að sjá á orlofsvefnum allt að þrjá mánuði fram í tímann hvað er laust hverju sinni og bóka sig. Hótelmiðarnir frá Fosshótelum, Edduhótelum voru í boði og einnig gistinguþar á Gistiheimili á Ísafirði, í Keflavík og víðar.

Veiðikortið og Útilegukortið voru niðurgreidd og seld á vegum félagsins og nutu mikilla vinsælda, en einungis er hægt að fá eitt kort á félagsmann.

Gönguferð var innanlands á vegum félagsins undir fararstjórn Úlfheiðar Kaðlínar Ingvarsdóttur, sjúkraliða og leiðsögumanns. Gengið var um svæðin í kringum Lakagíga, Mælifellssand, Álftavatnsskróka, Strútslaug, Fjallabak syðra, Laufafell og Keldur. Ferðin heppnaðist frábærlega í alla staði og var mikil ánægja með ferðina.

Ein gönguferð var á Spáni frá 10.–17. september, skipulögð af ferðaskrifstofunni Salamöndru á Spáni í samvinnu við Úlfheiði. Flogið var beint til Malaga og ekið í rútu til Andalúsíu og gengið um í nágrenni Ronda og Catiz.

Rekstur orlofssjóðs var í góðu jafnvægi á síðasta ári, enda voru engar stórar fjárfestingar það árið þar sem árið á undan voru miklar fjárfestingar. Á síðasta ári var töluvert um endurnýjun, viðhald og uppbyggingu orlofshúsa félagsins. Í Kiðjabergi I og II var allt málað bæði inni og úti. Úthlíðin var einnig máluð, bæði pallar, útveggir og gardínur endurnýjaðar. Í Varmahlíðinni var pallurinn og girðingin máluð og sett upp leiktæki á lóðinni.

Á síðasta ári var allt að tíu prósentu aukning á umsóknum í bústaði félagsins og með því jókst nýtingin. Umsóknir og úthlutanir orlofskosta til félagsmanna eru unnin rafrænt með þar til gerðu forriti, Frímenn. Þessi kostur fer á augabragði yfir punktastöðu félagsmanna og velur þann út sem flesta punkta hefur ef margir eru að sækja um sömu eign á sama tíma og tryggir algjört hlutleysi.

Formaður orlofsnefndar er Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir, Halldóra Lydía og Ólöf Adda Sveinsdóttir eru meðstjórnendur. Í stjórn orlofssjóðs vantar varamann, sem gengið verður frá fyrir næsta fulltrúaping. Stjórn Orlofsnefndar Sjúkraliðafélags Íslands hélt sex fundi á síðasta starfsári. Starfsmaður orlofsnefndar er Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri.

Í orlofsnefnd eru

Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir
Halldóra Lydía Þórðardóttir
Ólöf Adda Sveinsdóttir

Starfsmaður orlofsnefndar

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ



MENNTAMÁL Í SÓKN

Aðal umræðan innan fræðslunefndar á þessu starfsári snérist um framhaldsnám sjúkraliða á háskólastigi. Í byrjun síðasta árs var skilað inn vandaðri skýrslu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Skýrsluhöfundur er Arnún Halla Arnórsdóttir, aðjúntk á heilbrigðisvísindasviði við Háskólann á Akureyri. Í skýrslunni kemur fram að engar hindranir virðast vera á því að hefja námið haustið 2020.

Í febrúar 2019 var skipuð verkefnisstjórn um fagháskólanám á vegum mennta- og menningarmálaráðherra Lilju Alfreðsdóttur. Verkefnastjórninni er ætlað að fylgja eftir framgangi þeirra verkefna sem njóta styrkja þróunarsjóðs, meta stöðu þeirra og tryggja að þeim verði lokið með þeim árangri sem stefnt var að innan tilskilinna tímamarka. Greinagerðinni var skilað inn í desember 2019. Greinagerðin var samkvæmt skipunarbréfi send til samstarfsráðs um fagháskólanám til frekari úrvinnslu.

Í framhaldi var óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra til að fylgja eftir skýrslunni og greinargerðinni. Formaður félagsins ásamt formanni fræðslunefndar mættu til fundarins við ráðherra, sem tók vel í málið. Samt þokaðist það ekkert áfram.

Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp í desember 2019 um menntun og viðbótarmenntun sjúkraliða sem leitt gæti til fjölgunar útskrifaðra sjúkraliða. Starfshópurinn skilaði tillögum til ráðherra í byrjun mars 2020. Í tillögunum er sagt m.a. „Reglulega þarf að vera í boði framhaldsnám fyrir sjúkraliða sem gerir þeim kleift að takast á við aukna ábyrgð og sjálfstæði í störfum. Æskilegt er að námið sé skipulagt í samvinnu við háskólana, þannig að það gildi til eininga í hjúkrunarfræði eða öðru háskólanámi. Mikilvægt er að skilgreina starfssvið sjúkraliða í kjölfar slíks náms.“ Þegar starfshópurinn skilaði af sér

til ráðherra var sérstaklega lögð á það áhersla að framhaldsnám sjúkraliða á fagháskólastigi yrði að veruleika.

Í nýafstöðnum kjarasamningum ríkisins við Sjúkraliðafélagið var samþykkt sérstök bókun um menntamál sjúkraliða, sem styður við áherslur starfshópsins. Markmiðið er að auka hvata ungs fólks til að mennta sig sem sjúkraliða, auka tækifæri sjúkraliða til starfsþróunar m.a. með markvissu framhaldsnámi, yfirfara og efla starfsvið stéttarinnar.

Haldinn var fundur með ráðuneytisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytisins og skrifstofustjóra háskóla- og vísindasviðs ráðuneytisins þar sem þeim var gerð grein fyrir stöðunni. Niðurstaða þess fundar var að skoða málið út frá nýgerðum kjarasamningi.

Formaður félagsins átti fund með heilbrigðisráðherra og einnig mennta- og menningarmálaráðherra til að ítreka áherslur félagsins varðandi framhaldsnámið. Félagisstjórn sendi frá sér ályktun þar sem skorað var á stjórnvöld að nota aðgerðarpakka 3 vegna Covid-19 til að hrinda af stað fyrstu áföngum háskólanáms í sjúkraliðun. Formaður félagsins sendi einnig fjármálaráðherra ítarlega skilgreiningu á hugmyndum félagsins um fjármögnun námsins í gegnum aðgerðarpakka 3. Rætt var við þingmenn sem lögðu fram óundirbúnað fyrirspurnir til mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi. Í málflutningi þeirra var mikið lof borið á sjúkraliða fyrir framgöngu þeirra í Covid faraldrinum þar sem þeir hefðu hætt lífi sínu og sinna nánustu við hjúkrunarstörf. Ráðherra mennta- og menningarmála sagði störf sjúkraliða skipta gríðarlega miklu máli. Ráðherra tók af öll tvímæli um sinn vilja að koma á framhaldsnámi fyrir sjúkraliða á fagháskólastigi.

Verkefnahópur undir forystu Arnrúnar Árnadóttur skipuleggur nú námið sem hefst að fullu haustið 2021.

Formaður félagsins Sandra B. Franks og Birna Ólafsdóttir formaður fræðslunefndar sitja í hópnum.

Í fræðslunefndinni hefur verið fjallað um kvörtun kennara í heilbrigðisgreinum í nokkrum skólum er útskrifa sjúkraliða. Kvörtunin beinist að því hvernig sjúkraliðanám fer fram í Fjarmentaskólanum. Nemendur sem taka áfanga í þeim skóla tala um „fríar einingar“ þar sem nemendur þreyttu prófin saman og jafnvel aðrir en nemendur sjálfir væru að taka prófin. Nemendur þurfa ekki að auðkenna sig við próftöku. Einnig kom fram að skortur væri á eftirfylgni í vinnustaðanám sjúkraliðanema. Bréf var sent til Menntamálastofnunar og óskað eftir úttekki á námi Fjarmentaskólans. Í svarbréfi stofnunarinnar var bent á að telji Sjúkraliðafélagið að brestur sé á gæðum námsins sé rétt að óskum um athugun og úrbætur sé beint til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þetta mál er í ferli hjá Sjúkraliðafélaginu.

Hjá Framvegis var mikil aðsókn að námskeiðum fyrir sjúkraliða fram að Covid-19 en ekki var auðvelt að halda úti kennslunni í faraldrinum.

Engar skólaheimsóknir hafa farið fram á þessu vori vegna Covid-19.

Sjúkraliðafélaginu barst kvörtun frá sjúkraliða sem hafði skráð sig í bakvarðasveit, en hafði ekki á sínum tíma aflað sér leyfisbréfs sem sjúkraliði. Sjúkraliðanum var hafnað um leyfisbréf frá Embætti landlæknis á grundvelli nýrra reglugerðar nr. 401 frá 14. apríl 2020. Synjun Embætti landlæknis um leyfisbréf til handa sjúkraliðanum er komið í kærufarli til lögfræðings.

Í nefndinni eru

Birna Ólafsdóttir
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir
Guðrún Lárusdóttir

Varamaður

Þórdís R. Malmquist.



Jakobína Rut Daniélsdóttir með fyrirlestur.

TÍMARITID SJÚKRALIÐINN

Á starfsárinu hafa verið gefin út fjögur tölublöð Sjúkraliðans, þar af eitt orlofsblað með upplýsingum um orlofskosti sjúkraliða.

Blaðið er gefið út í 3.300 eintökum sem dreift er til félagsmanna, heilbrigðisstofnana, ráðherra, alþingismanna, fjölbrautaskóla og annarra sem áhuga hafa á málefnum sjúkraliða og til þeirra sem félagið telur nauðsynlegt að halda upplýstum um málefni félagsins og félagsmanna. Í blaðinu er fjallað um þau atriði sem hæst bera hverju sinni, eins og kjaramál, lífeyrismál, réttindi, dóma sem tengjast félagsmönnum og réttindum þeirra o.fl. sem er í brennidepli hverju sinni. Fastir þættir hafa verið í blaðinu undanfarin ár, má þar nefna ritgerðir sjúkraliða, stjórnandi ársins, formannspistill og fjölmargt annað efni eftir sjúkraliða. Kynntar hafa verið stofnanir/vinnustaðir og fjölbreytileg störf sjúkraliða. Það sem telja má að hafi borið hæst á síðast ári er viðtal við heilbrigðisráðherra, greinar um mikilvægi fagháskólanáms, mikilvægi styttingar vinnuvikunnar og kynning á stjórnanda ársins, sem kom frá heimahjúkrun á Akureyri. Blaðið er prýtt fjölda ljósmynda frá atburðum á vegum félagsins.

Í Orlofsblaðinu er fjallað um þá kosti sem í boði eru ár hvert. Það fer eingöngu til félagsmanna og gefið út í 3000 eintökum. Blaðið er einnig gefið út rafrænt og er hægt að nálgast það á heimasíðu félagsins. Ritnefnd þakkar félagsmönnum fyrir góðar viðtökur á blaðinu og öllum sem hafa komið að útgáfu blaðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Ritnefnd annast útgáfu og ritstýrir „Sjúkraliðanum“ ásamt ritstjóra blaðsins. Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri heldur utan um efnistösk og vinnslu blaðsins, en Sandra B Franks formaður félagsins er ábyrgðarmaður.

Í ritnefnd eru

Bára Hjaltadóttir

María Busk

Unnur María Sólmundardóttir

Varamaður

Steinunn Svanborg Gísladóttir



Harpa Steingrimsdóttir.

UPPSTILLINGANEFND / LAGANEFND

Uppstillinganefnd

Eins og venja er gerði uppstillinganefnd tillögur um fulltrúa í stjórnir, nefndir, ráð og önnur störf og embætti sem fulltrúaðing kýs. Þá ber henni að afla staðfestingar viðkomandi einstaklings á að hann gefi kost á sér til starfsins. Vinnan í ár var með hefðbundnu sniði. Send var út auglýsing og óskað eftir framboðum til stjórnar og nefndarstarfa.

Í uppstillinganefnd eru

Jakobína Rut Daníelsdóttir
Ásdís Þorsteinsdóttir
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir
Soffía Líndal
Ásdís María Jónsdóttir

Varamenn

Sigurlaug Björk J. Fjeldsted
Bjarney Olsen Richardsdóttir

Laganefnd

Laganefnd er skipuð þremur félagsmönnum auk varamanns. Nefndin hefur það hlutverk að sjá um endurskoðun á lögum félagsins og aðlaga þau að breyttum viðhorfum á hverjum tíma. Einnig á nefndin að taka til skoðunar tillögur um breytingar á lögum sem félagsstjórn berst frá svæðisdeildum og einstaklingum. Laganefnd fékk drög að uppfærðum lögum félagsins til umsagnar á árinu og gerði engar athugasemdir við þær. Tillaga að nýjum lögum félagsins verður því kynnt fyrir fulltrúaðingi félagsins sem haldið verður í september.

Í laganefnd eru

Freydís Annu Ingvarsdóttir
Steinunn Svanborg Gísladóttir
Hermann Grétar Jónsson

Varamaður

Sigurlaug Ingimundardóttir

SIÐAREGLUR SJÚKRALIÐA

Siðanefnd er umsagnaraðili ef ástæða þykir til að víkja sjúkraliða úr félaginu vegna alvarlegra brota gegn hagsmunum félagsins eða félagsmanna. Nefndin fundaði ekkert á árinu þar sem engin mál bárust til nefndarinnar.

Sjúkraliðum ber að leitast við að fylgja siðareglum og rækja starf sitt af alúð, samvirkusemi og trúmennsku og í fullu samræmi við þau hjúkrunarmarkmið sem sett hafa verið.


- Sjúkraliði virðir rétt skjólstæðinga og rækir störf sín óháð sjúkdómsgreiningu, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, aldri, kynferði, skoðunum og þjóðfélagsstöðu.
- Sjúkraliði gætir trúnaðar við skjólstæðinga og sýnir fyllstu þagmælsku um einka-mál þeirra.
- Sjúkraliði leitar samráðs við viðeigandi aðila telji hann að á rétt skjólstæðinga sé gengið. Hann stuðlar að því í samvinnu við aðrar stéttir að skjólstæðingur (eða aðstandendur hans) sé upplýstur um rétt sinn.
- Sjúkraliða ber að viðhalda faglegrri þekkingu sinni eins og kostur gefst.
- Sjúkraliði leggur sitt af mörkum til bættrar heilsuverndar.
- Sjúkraliði gætir virðingar stéttar sinnar innan starfs sem utan.
- Sjúkraliði skal aldrei ræða með lítilsvirðingu um skjólstæðinga sína, samstarfsmenn eða vinnustað.
- Sjúkraliði stuðlar að góðu samstarfi innan stéttar sinnar og tekur þátt í félagsstarfi sem vinnur að bættum hag hennar.
- Sjúkraliði rækir samvinnu við samstarfsstéttir og gagnrýnir þær ekki í áheyrn skjólstæðinga.

Í siðanefnd eru

Sigrún Vallaðsdóttir
Hulda Ragnarsdóttir
Þorbjörg Einarsdóttir

Varamaður

Árný Ósk Hauksdóttir.



Blóðsykur mældur.

Vinnudeilu- og verkfallssjóður

Boðað var til verkfalla á árinu, en samningar náðust rétt áður en þau brustu á, þannig að ekki þurfti að greiða verkfallsbætur til félagsmanna úr sjóðnum. Sjóðurinn styrkti hins vegar undirbúningsaðgerðir vegna fyrirhugaðra verkfalla. Tilgangur sjóðsins er að aðstoða félagsmenn ef til vinnudeilu eða verkfalls kemur, eftir því sem ástæða þykir til, þó ekki til að standa undir venjulegum kostnaði af gerð kjarasamninga.

Í vinnudeilu-og verkfallssjóði eru

Guðrún Elín Björnsdóttir
Jóna Guðmunda Helgadóttir
Freydís Anna Ingvarsdóttir
Ragna Kolbrún Ragnarsdóttir

Varamenn

Bergþóra Andrea Hilmarsdóttir
Svava Bjarnadóttir

Minningarsjóður

Engar umsóknir né úthlutanir fóru fram á starfsárinu og var því ekkert fundað.

Í nefndinni eru

Elísabet Pétursdóttir
Kristín Ólafsdóttir
Ingibjörg Sveinsdóttir

Félag skjörnir skoðunarmenn reikninga

Skoðunarmenn reikninga eru tveir og tveir varamenn. Hlutverk skoðunarmanna er að fara yfir reikninga og staðfesta að þeir séu rétt unnir, eftir að endurskoðandi hefur skilað þeim af sér.

Skoðunarmenn reikninga eru

María Þórarinsdóttir
Ólafía Ingvarsdóttir

Varamenn

Ásdís María Jónsdóttir
Guðlaug Þráinsdóttir

ÁRSSKÝRSLUR FÉLAGSDEILDAR

[Reykjavíkurseild](#)

[Vesturlandsdeild](#)

[Vestfjarðadeild](#)

[Norðurlandsdeild vestri](#)

[Norðurlandsdeild eystri](#)

[Austurlandsdeild](#)

[Vestmannaeyjadeild](#)

[Suðurlandsdeild](#)

[Suðurnesjadeild](#)

[Deild sjúkraliða með sérnám](#)



FORMLEGT SAMSTARF



BSRB er bandalag opinberra starfsmanna á Íslandi. Samtökin eru skipuð 23 stéttarfélögum starfsmanna í almannajónustu hjá ríki og sveitarfélögum. Bandalagið var stofnað 14. febrúar 1942 og í dag eru aðildarfélög BSRB 23 talsins og er fjöldi félagsmanna rúmlega 22.000.

Hlutverk BSRB er að fara með forystu í hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannajónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og stuðla að bættu velferðarsamfélagi. Bandalagið fer með samningsrétt í sameiginlegum málum félaganna og þeim sem því er falið hverju sinni.



Þing samtakanna hafa að jafnaði verið haldin annað hvert ár. Þingið sem halda átti í Tromsö nú í júní var fellt niður vegna Covid-19. Á síðasta starfsári var vorfundurinn haldinn í Ósló og í Helsinki um haustið. Á fundum er rætt um starfsumhverfi sjúkraliða, menntun þeirra, ráðningar og vinnutíma. Mismunandi er búið að þessum þáttum eftir löndum og eins eru áherslur stjórnvalda í heilbrigðismálum misjafnar.

The European Council of Practical Nurses (EPN) eru Evrópusamtök sjúkraliða sem vinna að því að efla sameiginlega hagsmuni á starfssviði sjúkraliða í Evrópu og er markmið þess m.a. að vinna að sameiginlegum hagsmunum sjúkraliða í aðildarlöndunum, móta sjálfsmynd þeirra, sem og annarra faghópa sem sinna hjúkrun og umönnun, auk þess að upplýsa félaga um stöðu sjúkraliða í hverju landi fyrir sig.



Mynd á forsíðu

Elísabet G. Þorsteinsdóttir,
listmálari og félagsliði HSU á Hornafirði

Myndir í skýrslu

Myndir eru í eigu BSRB
og Sjúkraliðafélagi Íslands

Ritstjórn og ábyrgðarmaður

Sandra B. Franks

Umbrot

Prentun.is



SJÚKRALIÐAR
STANDA
VAKTINA

